

Tillaga um reglur um afhendingu hlutabréfa til starfsmanna lagðar fram til samþykktar á hluthafafundi Landsbankans hf. 17. júlí 2013:

Afhending hlutabréfa til starfsmanna Landsbankans hf. í samræmi við samning við LBI hf. og íslenska ríkið frá 15. desember 2009

Þann 15. desember 2009 gerðu Landsbankinn hf. (þá NBI hf.), LBI hf. (þá Landsbanki Íslands hf.) og fjármálaráðherra f.h. íslenska ríkisins samning um fjárhagsuppgjör milli Landsbankans hf. og LBI hf. (hér eftir nefnt „FABIA“). Að kröfu LBI hf. og með samþykki ríkisins var Landsbankanum gert að koma á árangurstengdu launakerfi fyrir alla starfsmenn Landsbankans hf. sem tæki mið af verðmæti tiltekinna eignasafna stærri fyrirtækja sem lágu til grundvallar ákvörðun á fjárhæð skilyrts skuldabréfs sem er hluti af fjárhagsuppgjörinu.

Samkvæmt þessu samkomulagi skyldi LBI ráðstafa af eign búsin og þar með óbeinni eign kröfuhafa allt að 500.000.000 hlutum (2,08% af heildarhlutafé) í bankanum sem afhentir yrðu starfsmönnum samkvæmt úthlutunarreglum sem Landsbankinn skyldi koma á í síðasta lagi fyrir árslok 2012, það er fyrir lok viðmiðunartímabils í FABIA samningnum vegna mats á skilyrtu skuldabréfi. Framangreindum úthlutunarreglum var ekki komið á. Niðurstaða verðmats óháðs ytri aðila var að gefa skyldi út skilyrta skuldabréfið miðað við hámarksfjárhæð þess. Samþykkt var á hluthafafundi 27. mars 2013 og staðfest með samkomulagi aðila að FABIA samningnum í apríl 2013 að afhenda framangreinda hluti til Landsbankans með þeirri kvöð að þau skyldu afhent starfsmönnum.

Skjal þetta kveður á um reglur um afhendingu framangreindra hlutabréfa til starfsmanna Landsbankans og tiltekinna félaga innan samstæðu bankans. Fjármálaeftirlitið hefur staðfest við Landsbankann að það líti ekki svo á að um sé að ræða formlegt kaupaukakerfi í skilningi reglna Fjármálaeftirlitsins nr. 700/2011 um kaupaukakerfi fjármálafyrirtækja (hér eftir kaupaukareglna FME). Samt sem áður fer afhending hlutabréfa fram í samræmi við kaupaukareglur FME eins og þær eru á hverjum tíma.

1. Úthlutun til starfsmanna

Afhending hlutabréfa skal fara fram í samræmi við kaupaukareglur FME, starfskjarastefnu Landsbankans og reglur þessar. Bankaráð Landsbankans ber ábyrgð á afhendingunni og tekur allar mikils háttar ákvarðanir þar að lútandi. Starfskjaranefnd undirbýr málið fyrir bankaráð og bankastjóri gerir tillögur til nefndarinnar um framkvæmd afhendingar. Að fengnu samþykki bankaráðs á þeim tillögum annast bankastjóri framkvæmd afhendingar. Bankastjóri upplýsir bankaráð um afhendingu hlutabréfa og önnur atriði sem varða framkvæmd afhendingar hlutabréfa á grundvelli þessara reglna.

Hlutabréfin eru afhent starfsmönnum Landsbankans hf. og Landsbréfa hf. sem voru fastráðnir þann 31. mars 2013 og þeim sem látið hafa af störfum vegna aldurs, örorku, eða uppsagnar af hálfu bankans vegna hagræðingaradgerða á tímabilinu sem um ræðir samanber hér að neðan.¹ Fastráðnir starfsmenn teljast einnig þeir sem eru í fæðingarorlofi, í launalausni leyfi eða í veikindaleyfi. Tekið er mið af hlutfallslegum tíma sem starfsmenn hafa starfað frá 15. desember 2009 til þess tíma sem þeir létu af störfum, samanborið við allt tímabilið 15. desember 2009 til 31. mars 2013.

Um aðra starfsmenn sem látið hafa af störfum frá 15. desember 2009 til 31. mars 2013 gildir sú meginregla að þeir fá ekki afhent hlutabréf. Bankaráð getur ákveðið að í tilteknum tilvikum verði gerð undantekning frá þeirri meginreglu.

¹ Sama gildir um dánarbú þeirra fastráðnu starfsmanna sem látist hafa á tímabilinu.



Starfsmönnum sem sagt hefur verið upp störfum vegna brots í starfi fram að afhendingu skal ekki úthlutað hlutabréfum.

Bankaráðsmenn teljast ekki til starfsmanna í skilningi reglna þessara.

2. Fjöldi hluta til starfsmanna

Fjöldi afhentra hluta til hvers starfsmanns er hlutfallslegur miðað við laun og starfshlutfall viðkomandi.

Hámark afhentra hluta til starfsmanna á árinu 2013 samsvarar 25% af árslaunum hvers og eins hjá bankanum. Með þeim hlut af árslaunum er átt við þreföld föst mánaðarlaun viðkomandi starfsmanns í mars 2013, eða við þreföld síðustu föstu mánaðarlaun hafi starfsmaður látið af störfum. Ekki skal telja með í þeim mánaðarlaunum sérstakar og óvenjulegar greiðslur sem eingöngu varða þann mánuð sem miðað er við. Verðmæti hluta reiknast sem hlutfall eiginfjár og hlutfjár í árslok 2012 sem er 9,3819 krónur á hvern hlut.

Starfshlutfall skal taka mið af starfstíma starfsmanns á tímabilinu 15. desember 2009 til 31. mars 2013 og daglegu starfshlutfalli viðkomandi yfir tímabilið. Við ákvörðun um hlut til starfsmanna sem störfuðu áður hjá Avant hf., Horni Fjárfestingarfélagi hf., Landsvaka hf., SP fjármögnun hf. og SpKef skulu þeir teljast starfsmenn Landsbankans, í skilningi reglna þessara, frá þeim tíma þegar bankinn eignaðist 100% í þessum félögum, innan ofangreindra tímamarka, og í tilviki SpKef þegar samruni átti sér stað, 7. mars 2011.

Komi til þess að verðmæti hluta sem eiga að koma til afhendingar nemi meira en ofangreindu 25% viðmiði, þá verður sá mismunur afhentur í janúar 2014 og fylgir að öllu leyti sömu skilyrðum og hlutir sem koma til afhendingar árið 2013 samkvæmt reglum þessum. Þeir hlutir verða bókfærðir í efnahagsreikningi bankans fram að afhendingu.

3. Eftirlitseiningar

Í samræmi við 13. gr. kaupaukareglna FME skulu kaupaukar ekki greiddir til starfsmanna sem starfa við áhættustýringu, innri endurskoðun eða regluvörslu. Starfsmenn þessara eftirlitseininga fá því ekki afhent hlutabréf.

Í samræmi við sömu grein ber að taka tillit til þess við ákvörðun fastra launa eftirlitseininga að þær einingar séu ekki lakar settar í föstum launum ef aðrar einingar njóta kaupauka. Landsbankinn heldur eftir hlutabréfum til þess að standa straum af kostnaði sem af þessu hlýst.

4. Skattaleg áhrif og launatengd gjöld

Starfsmönnum er gert að greiða tekjuskatt af virði hlutabréfanna. Landsbankinn mun á grundvelli heimildar hluthafafundar kaupa hlutabréf af starfsmanni sem samsvarar áætluðum skattgreiðslum starfsmannsins þar sem miðað er við efsta skattþrep sem nú er 46,22%. Við þessi kaup Landsbankans á bréfum starfsmanna skal miðað við skattalegt verðmat bréfanna og er þar miðað við endurskoðað uppgjör í árslok 2012. Bankinn ráðstafar til ríkisins andvirði kaupverðs til greiðslu á tekjuskatti starfsmanna sem og launatengdum gjöldum og sköttum sem tengjast afhendingu hlutabréfa.

Ekki er reiknað orlof á virði afhentra hluta. Landsbankinn þarf að standa skil á launatengdum gjöldum og lífeyrisgreiðslum vegna afhendingar hluta og heldur eftir hlutum til að mæta slíkum skuldbindingum. Hlutir sem bankinn heldur eftir koma til lækkunar á heildarfjölda hluta til afhendingar til starfsmanna. Þessir hlutir koma ekki til afhendingar til starfsmanna samkvæmt reglum þessum.

5. Skilyrði afhendingar til starfsmanna

Í þeim tilgangi að stuðla að heilbrigðum og traustum rekstri Landsbankans setur bankinn eftirfarandi skilyrði sem forsendu fyrir afhendingu hluta til starfsmanna:



- » Af þeim hlutum sem starfsmaður fær selur hann 46,22% til Landsbankans vegna staðgreiðslu skatta.
- » Vegna þeirra hluta sem starfsmenn halda á eftir skatt skuldbinda þeir sig til að ráðstafa ekki með sölu, veðsetningu, gjafagerningi, eða annars konar framsali með öðrum hætti:
 - 60% af þeim bréfum fyrr en í fyrsta lagi mánuði eftir skráningu hlutabréfanna í kauphöll en þessi kvöð gildir þó ekki lengur en til 1. september 2016.
 - 40% af þeim bréfum fyrr en í fyrsta lagi 1. september 2016.
- » Starfsmenn skuldbinda sig til að beita ekki ákvæðum hlutafélagalaga um innlausnarskyldu á framangreindu tímabili.
- » Landsbankinn getur endurkrafíð starfsmann að hluta eða öllu leyti um þegar afhenta hluti ef upp koma aðstæður sem heimila slíkt í samræmi við kaupaukareglur FME. Réttur Landsbankans samkvæmt grein þessari helst þó starfsmaður hafi látið af störfum.
- » Gerður verður samningur við þá starfsmenn sem taka á móti hlutum þar sem kveðið er á um afhendingu hluta, skilyrði og annað sem við á samkvæmt þessum reglum. Stefnt er að því að ljúka vinnu við þá samninga fyrir september 2013.

6. Greining á áhættu og eftirlit Landsbankans með reglum

Í samræmi við 4. gr. kaupaukareglna FME framkvæmir Landsbankinn úttekt og greiningu á því hvort reglur þessar og framkvæmd þeirra samræmist því markmiði að hvetja ekki til óhóflegrar áhættutöku, vinni ekki gegn langtímahagsmunum Landsbankans og stöðuleika fjármálakerfisins, samræmist sjónarmiðum um vernd viðskiptavina Landsbankans, kröfuhafa og hluthafa og samræmist að öðru leyti eðlilegum og heilbrigðum viðskiptaháttum.

Í samræmi við 5. gr. kaupaukareglna FME skulu eftirtaldir aðilar framkvæma úttekt og greiningu á hvort afhending hlutabréfa sé í samræmi við kaupaukareglur FME og reglum þessum:

- » Áhættustýring skal greina áhrif reglnanna á áhættusnið (e. risk profile) og rekstur Landsbankans.
- » Regluvarsla skal greina hvernig afhending hlutabréfanna hefur áhrif á framfylgni Landsbankans við lög og reglur, kaupaukareglur FME og innri reglur bankans.
- » Innri endurskoðun skal kanna uppbyggingu, framkvæmd og áhrif afhendingar hlutabréfanna. Liður í eftirlitinu skal m.a. vera árviss úttekt á heildarstarfskjörum bankastjóra og lykilstarfsmanna. Við þá úttekt skal m.a. litið til hvers kyns greiðslna frá dótturfélögum Landsbankans, ef þeim er til að dreifa. Auk þess skal gerð úttekt á kaupaukagreiðslum annarra starfsmanna.

Telji framangreindir aðilar tilefni til athugasemda skal án tafar tilkynna bankaráði og Fjármálaeftirliti formlega um slíka athugasemd.

7. Upplýsingagjöf og gagnsæi

Allir starfsmenn skulu upplýstir um þessar reglur og þau atriði sem áhrif hafa á afhendingu hluta. Hluthafar fá kynningu á reglum þessum og verða þær aðgengilegar öllum á vef bankans. Í ársreikningi bankans skal gerð grein fyrir afhendingu hlutabréfanna í samræmi við lög, staðla um reikningsskil og reglur eftir því sem við á.

Fylgja skal ákvæðum kaupaukareglna FME um upplýsingagjöf og gagnsæi.